um till. til þál. um athugun á kostnaði og fjárhagslegri getu æskufólks í strjálbýli til framhaldsnáms og endurskoðun á reglum um úthlutun styrkja til jöfnunar námsaðstöðu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna á nokkrum fundum og sent hana til umsagnar viðkomandi aðila. Nefndin er sammála um nauðsyn þess, að sú athugun fari fram, sem í tillögunni felst. Á hinn bóginn skipaði ríkisstjórnin nefnd hinn 1. nóv. s. l., sem á að fjalla um þau mál m. a., sem till. fjallar um, og enn fremur mun vera væntanlegt frumvarp til laga á þessu þingi um jöfnun námsaðstöðu. Af þessum sökum leggur nefndin til, að þáltill. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 1. marz 1972.

Gísli Guðmundsson, form.	Halldór S. Magnússon, fundaskr.	Lárus Jónsson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Stefán Gunnlaugsson.	Björn Fr. Björnsson.